

Yfirlit styrkja vegna jarðskjálftans á Suðurlandi 29. maí 2008

1. Fyrstu viðbrögð við skjálftanum, aukinn kostnaður sveitarfélaga	200 milljónir
2. Styrkir til einstaklinga sem urðu fyrir tjóni sem tryggingar ná ekki til	402 milljónir
3. Tjón opinberra stofnana á jarðskjálftasvæðinu	50 milljónir
4. Önnur tjón og ófyrirséð	81 milljón
5. Samtals	733 milljónir

Nánari skýringar:

1. **Í fyrstu viðbrögðum** felast viðbrögð lögreglu, slökkviliðs og annarra þeirra sem kallaðir voru út en þá unnu einnig mikið sjálfboðaliðastarf björgunarsveitir, Rauði krossinn og fleiri félag og einstaklingar án endurgjalds.

Aukinn kostnaður sveitarfélaga fólst hvað mest í gífurlegu vinnuálagi með tilheyrandi yfirvinnu og viðbótar starfsfólki, aðkeyptri sérfræðivinnu auk útgjalda vegna viðgerða, efniskostnaðar, húsnæðismála o.fl.

2. **Styrkir til einstaklinga** (402 milljónir) voru vegna margvíslegra tjóna sem ekki fást bætt af tryggingarfélagum eða Viðlagatryggingu. Sundurliðun er á sér blaði sem fylgir hér með en stærstu liðirnir eru eftirfarandi:
 - a. Endurmat á brunbótamati húsa sem verða rifin (193 mi);
 - b. ótryggð hús í byggingu (49 milljónir);
 - c. niðurrif og förgun sem er reyndar í brunabótamati en ákveðið var að styrkja til þess að hraða uppbyggingu samfélagsins. 30-40 hús verða rifin (50 milljónir);
 - d. mannvirki við hús; þ.e. stéttar, pallar, veggir o.fl. verðmæti utanhúss (55 milljónir);
 - e. ótryggð innbú (16 milljónir)
3. **Opinberar stofnanir** (50 milljónir)
 - a. Landbúnaðarháskólinn („Garðyrkjuskólinn) í Hveragerði (33 milljónir)
 - b. Heilbrigðisstofnun Suðurlands (11 milljónir)
 - c. Fangelsið Litla Hrauni (3.8 milljónir)
 - d. Svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra, Selfossi (3.2 milljónir)
4. **Önnur tjón og ófyrirséð** (81 milljónir)

- a. Hleðsluveggir kirkjugarða (Kotströnd o.fl.), fornminjar
- b. Fráveitur og vatnsveitur
- c. Borholur
- d. Gámaleiga
- e. Væntanleg tjón sem koma síðar fram
- f. Annað ófyrirséð